

AUGLÝSING

um breytingu á reglum Reykjavíkurborgar, nr. 1094/2016, um sérstakan húsnæðisstuðning.

1. gr.

6. tl. 1. mgr. 3. gr. reglnanna breytist og verður svohljóðandi:

6. Samanlagðar eignir umsækjanda og annars heimilisfólks, 18 ára og eldra, á síðastliðnu ári séu ekki hærri en 8.499.000 kr.

2. gr.

Tafla í 5. gr. reglnanna breytist og orðast svo:

Fjöldi heimilisfólks	Neðri tekjumörk á ári	Efri tekjumörk á ári	Neðri tekjumörk á mánuði	Efri tekjumörk á mánuði
1	6.288.094	7.860.118	524.007	655.010
2	8.363.165	10.453.956	696.930	871.163
3	9.746.546	12.183.183	812.212	1.015.265
4	10.563.998	13.204.998	880.334	1.100.416
5	11.444.332	14.305.414	953.695	1.192.118
6+	12.324.665	15.405.830	1.027.055	1.283.820

3. gr.

Breytingar þessar, sem samþykktar voru á fundi borgarráðs 12. febrúar 2026, eru byggðar á 2. og 3. mgr. 45. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991. Breytingarnar eru ívildandi og gilda frá 1. janúar 2026.

Borgarstjórnin í Reykjavík, 16. febrúar 2026.

Heiða Björg Hilmisdóttir.

B deild - Útgáfudagur: 20. febrúar 2026